

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

### ***Hugmyndasöfnun í Hverfið mitt 2022-2023***

Til upplýsingar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Nú stýttist í hugmyndasöfnun í lýðræðisverkefninu Hverfið mitt sem mun fara fram frá 22. september til og með 27. október. Hugmyndasöfnun fer fram á [Hverfidmitt.is](http://Hverfidmitt.is).

Fjármagn í framkvæmdapottinum er 850 milljónir sem dreifast á milli hverfa Reykjavíkurborgar, að hluta til jafnt en einnig eftir íbúafjölda. Nú er því tækifæri til að senda inn stærri og dýrari verkefni í hugmyndasöfnunina.

Hugmyndasmiðir eru hvattir til að skila inn vel unnum hugmyndum í samræmi við forsendur hugmyndasöfnunarinnar. Stöðugt hefur verið unnið að því að bæta verkefnið og auðvelda innsendingu hugmynda á undanförunum árum. Auk þess að lýsa hugmynd í orðum er mögulegt að láta ljósmyndir og teikningar fylgja til skýringar.

Undirritaður hvetur íbúaráð Reykjavíkurborgar eindregið til að taka þátt í því með okkur að vekja athygli á hugmyndasöfnuninni þegar hún hefst og hvetja íbúa hverfisins til að taka þátt og senda inn hugmyndir.

Virðingarfyllt,  
Eiríkur Búi Halldórsson  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*